

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 1/98
frá 30. janúar 1998**

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/96 frá 4. október 1996⁽¹⁾.

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/96 frá 31. maí 1996⁽²⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun 97/5/EB gildir einnig um færslu fjármuna milli landa í gjaldmiðlum Liechtenstein, Íslands og Noregs.

Tilskipun 97/5/EB skal felld inn í IX. viðauka og skráð í XIX. viðauka við samninginn í upplýsingarskyni eingöngu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 48.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 79.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 16. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„16a. **397 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa (Stjttð. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. gr. komi orðin „gjaldmiðlum aðildarríkjanna eða EFTA-ríkjanna“ í stað „gjaldmiðlum aðildarríkjanna“;

b) Í stað c-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„fjármálastofnun“ merkir:

- lánastofnanir samkvæmt skilgreiningu í 1. undirlið 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE,
- váttryggingafélög samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE,
- tryggingafélög samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/96/EBE,
- fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framsejjanlegum verðbréfum (UCITS) samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE,
- fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
- önnur fyrirtæki sem annast sambærilega starfsemi og fyrirtækin sem vísað er til í fyrri undirliðum eða sem starfa einkum að öflun peningalegra eignarhluta eða umbreyta fjárkröfum.““.

2. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„7c. **397 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB⁽¹⁾ frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa (Stjttð. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25).

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingarskyni. Að því er varðar beitingu sjá IX. viðauka“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

